

**Ed.**

**309. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932 [Bifreiðaskattur o. fl.].

(Eftir 2. umr. í Ed.).

**1. gr.**

Í stað orðanna „1 — eina — krónu“ í 1. gr. b. í lögnum komi: 50 aura.

**2. gr.**

Í stað „1931“ í 4. gr. laganna komi: síðastliðnum.

**3. gr.**

Fyrir „750“ í 7. gr. laganna komi: 250.

**4. gr.**

Í stað „ræktunarvegarsins“ í 8. gr. b.-lið komi: ræktunarveganna.

**5. gr.**

Á undan síðustu málsgr. 8. greinar laganna komi nýr stafliður, þannig:

- d. Frá 1. jan. 1934 færirst hundradshlutinn samkvæmt a-lið niður í 50%, en 15% af hvers árs tekjum skal þá verja til þess að malbika umferðarvegi í kaupstöðum og í verzlunarstöðum með fleiri en 300 íbúum, eða gera á þeim slitlag úr öðru varanlegu efni. Ráðherra ákveður með reglugerð skiptingu þessa fjár milli aðilja, og er heimilt að krefjast jafnmikils framlags í móti frá hlutaðeigendum. Að því leyti, sem þessi hluti skattsins verður ekki notaður árlega, skal geyma hann í sérstökum sjóði, er nefnist „sjóður til malbikunar á bæjarvegum“, í vörslum atvinnumálaráðuneytisins.

**6. gr.**

Orðin í 11. gr. laganna „og gilda til ársloka 1933“ falli burt.